

Brynja Þórdís Þorbergsdóttir
Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir

Reykhólahreppur
Maríutröð 5a
380 Reykhólahreppi

Reykjavík, 24. ágúst 2019

Athugasemdir Brynju Þórdísar Þorbergsdóttur og Guðrúnar Ólafar Þorbergsdóttur við tillögu að alskipulagsbreytingu vegna legu Vestfjarðavegar 60 frá Bjarkarlundi að Skálanesi, frá maí 2019.

Við viljum áréttu að landeigendur Hallsteinsnes erum alfarið á móti vegagerð frá bænum Gröf í Þorskafirði gegnum Teigskógi að Grónesi og yfir Gufufjörð. Við viljum vernda þetta ósnortna landsvæði fyrir komandi kynslóðir.

Enn fremur telja eigendur ekki til staðar heimild til að fara þessa leið þar sem þetta er nánast sama leið og B sem hefur hefur verið hafnað með dómi fyrir heraði og í Hæstarétti. Með vísan til þessa vekur það furðu að Skipulagsstofnun heimili nú endurupptöku á fyrri úrskurði.


Áætluð veglína liggr að mestu um ósnortið land, fjörur og þrjá firði og veldur miklu umhverfisraski. Þar sem fjörur við Þorskafjörð og Djúpafjörð eru á náttúruminjaskrá ætti þessi leið að vera ófær og hún er heldur ekki í anda laga um vernd Breiðafjarðar frá **1995 nr. 54 8.**


mars:

1. gr. Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.
2. gr. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

Við ætlum ekki að fara út í frekari rökstuðning fyrir andstöðu okkar við vegalagninu þessa en þess í stað að lýsa yfir að við erum sammála Gunnlaugi Pétursyni og tökum undir orð hans í athugasendum og áréttungum varðandi aðalskipulag Vestfjarðavegar 60 frá Bjarkalundi að Skálanesi, sem hann sendi Reykhólahreppi 21. ágúst 2019.

Með bestu kveðjum


Brynja Þórdís Þorbergsdóttir
Miðvangi 3, 220 Hafnarfjörður
Netfang: brynjath@simnet.is.is
Farsími: 867-2239


Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir
Leiðhömrum 2, 112 Reykjavík
Netfang: gudrunolof@simnet.is
Farsími: 897-0791